



Mennta- og
starfsþróunarselur
löggreglu



Háskólinn
á Akureyri

INNTÖKUFERLI NEMENDA Í LÖGREGLUFRAEÐINÁM FYRIR VERÐANDI LÖGREGLUMENN HJÁ HÁSKÓLANUM Á AKUREYRI

INNTAKA FYRIR HAUSTIÐ 2024



1. INNGANGUR

Til að hljóta starfsréttindi sem löggreglumaður þarf að ljúka löggreglufræðinámi fyrir verðandi löggreglumenn, sem kennt er við Háskólan á Akureyri. Hluti námsins eru námskeiðin *Starfsnám í löggreglufræði I-IV* þar sem öll sértaek kennsla og þjálfun er tengist löggreglu fer fram, s.s. í notkun landskerfa löggreglu, skýrsluskrifa, valdbeitingu löggreglu, akstri með forgangi og starfþjálfun hjá löggregluembættum. Í 1. mgr. 38. gr. löggreglulaga nr. 90/1996 kemur fram að mennta- og starfsþróunarsetur löggreglu (MSL) annist inntöku nemenda í starfsnám í samstarfi við háskóla. Einnig kemur fram að ákvörðun setursins á umsækjendum í starfsnám sé endanleg. Þetta þýðir að til að vera samþykktur í löggreglufræðinám fyrir verðandi löggreglumenn þurfa umsækjendur að standast þær kröfur sem gerðar eru í lögum og reglugerðum varðandi starfsnám.

Mennta- og starfsþróunarsetur löggreglu byggir inntöku sína á lögum og reynslu annarra þjóða á inntöku í löggregluskóla, t.d. Finnlandi og Noregi.

Í 2. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 221 frá árinu 2017 um mennta- og starfsþróunarsetur löggreglu er fjallað nánar um inntöku á nemendum í starfsnám. Þar segir:

Mennta- og starfsþróunarsetur löggreglu skal leitast við að velja til starfsnáms þá hæfstu úr hópi umsækjenda á hverjum tíma. Einkum skal þess gætt að velja ekki til starfsnáms einstakling sem ætla má að eigi erfitt með að sinna lögreglustarfi svo að vel fari, svo sem vegna óreglusemi, fjárhagsvanda eða vegna þess að hann hefur hlotið dóm fyrir brot á sérrefsilöggjöf. Mennta- og starfsþróunarsetur löggreglu skal fyrst meta hverjir umsækjenda eru hæfir og uppfylla almenn inntökuskilyrði. Þá getur setrið látið hæfa umsækjendur undirgangast inntökupróf og önnur próf sem rétt þykir að framkvæma. Mennta- og starfsþróunarsetur löggreglu getur að auki óskað eftir frekari gögnum frá umsækjendum, eða um þá, og að þeir sæti sérstakri læknisskoðun. Umsækjandi ber kostnað af umsókn um starfsnám.

Við inntöku á umsækjendum í löggreglufræðinám fyrir verðandi löggreglumenn þarf að hafa í huga að slíkar ákvarðanir eru stjórnvaldsákvarðanir í skilningi stjórnsýslulaga. Málsmeðferð skal vera vönduð og í samræmi við ákvæði laga og reglugerða sem um það gilda. Leitast er við að mat á umsækjendum sé fjölbreytt, fagmannlegt, sanngjارت og gegnsætt ferli þar sem lögð eru til grundvallar gagnreyndar aðferðir sem endurspeglar þá færniþætti sem starf löggreglumanns krefst.

Lög, reglugerðir og annað sem reynt getur á

- Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, einkum 20. gr.
- Lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996.
- Stjórnsýslulög nr. 37/1993, einkum 8., 10., 11., 13. og 22. gr.
- Löggreglulög nr. 90/1996.
- Reglugerð um mennta- og starfsþróunarsetur löggreglu nr. 221/2017.
- Reglugerð um starfsstig innan löggreglunnar nr. 1051/2006.
- Upplýsingalög nr. 140/2012, einkum 7. gr. og 1. mgr. 27. gr.
- Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020 (jafnréttislög), einkum 12. og 19. gr.
- Álit Umboðsmanns Alþingis.
- Dómar.
- Verklagsreglur ríkislöggreglustjóra.

2.0 Inntaka starfsnema

2.1 Inntökuskilyrði

Í 1. mgr. 38. gr. löggreglulaga nr. 90/1996 er kveðið á um hvaða almennu skilyrði umsækjendur í starfsnám skulu fullnægja. Þar segir:

Nemar í starfsnámi skulu fullnægja eftirtöldum almennum skilyrðum:

- a. vera íslenskir ríkisborgarar, 20 ára eða eldri,
- b. hafa ekki gerst brotlegir við refsilög, þetta gildir þó ekki ef brot er smávægilegt eða langt er um liðið frá því að það var framið, né hafa sýnt af sér háttsemi sem getur rýrt það traust sem löggreglumenn verða almennt að njóta,
- c. vera andlega og líkamlega heilbrigðir og standast læknisskoðun trúnaðarlæknis samkvæmt fyrirliggjandi kröfum sem mennta- og starfsþróunarsetur löggreglu setur reglur um í samstarfi við háskóla,
- d. hafa lokið stúdentsprófi eða annarri sambærilegri menntun,
- e. samkvæmt nánari kröfum sem ráðherra setur með reglugerð, á grundvelli tillagna frá mennta- og starfsþróunarsetri löggreglu, m.a. um menntun, starfsþjálfun, tungumálakunnáttu og líkamlega færni.

Í 6. gr. reglugerðar nr. 221 frá árinu 2017 um mennta- og starfsþróunarsetur löggreglu er kveðið nánar um skilyrðin. Þar segir:

Nemar í starfsnámi skulu fullnægja eftirtöldum almennum skilyrðum:

- a. vera íslenskir ríkisborgarar, 20 ára eða eldri,
- b. hafa ekki gerst brotlegir við refsilög, þetta gildir þó ekki ef brot er smávægilegt eða langt er um liðið frá því að það var framið, né hafa sýnt af sér háttsemi sem getur rýrt það traust sem löggreglumenn verða almennt að njóta,
- c. vera andlega og líkamlega heilbrigðir og standast læknisskoðun trúnaðarlæknis samkvæmt fyrirliggjandi kröfum sem mennta- og starfsþróunarsetur löggreglu setur reglur um,
- d. hafa lokið stúdentsprófi eða sambærilegri menntun,
- e. hafa staðist kröfur um þrek og styrk skv. viðmiðum sem mennta- og starfsþróunarsetur setur,
- f. hafa gild almenn ökuréttindi.

2.2 Sakavottorð

Í 2. mgr. 38. gr. löggreglulaga nr. 90/1996 kemur fram að til að staðreyna hvort viðkomandi uppfylli skilyrði b-liðar 1. mgr. er mennta- og starfsþróunarsetri löggreglu heimilt að afla upplýsinga úr sakaskrá og málaskrám löggreglu.

Mennta- og starfsþróunarsetri löggreglu er heimilt að setja sér verklagsreglur þar sem fram koma þau viðmið sem stuðst er við þegar meta á skilyrði um inntöku á umsækjendum í starfsnám.

3.0 Læknisfræðileg viðmið og matsreglur

Læknisfræðilegu viðmiðin eru unnin af mennta- og starfsþróunarsetri löggreglu og Háskólanum á Akureyri í samræmi við ráðleggingar sérfræðilækna.

Viðmið og matsreglur eru sambærilegar við þær kröfur sem gerðar eru á hinum Norðurlöndunum. Kröfurnar eru endurskoðaðar árlega.

Vinnuvernd ehf. sér um að meta heilbrigði umsækjenda og veitir mennta- og starfsþróunarsetri löggreglu upplýsingar um hvort umsækjandi uppfylli heilbrigðiskröfur.

Ef ástæða er til að leggja frekara mat á umsækjanda kallar Vinnuvernd ehf. eftir frekari gögnum og fær sérfræðilækni í viðkomandi sérgrein til að leggja mat á þá heilsufarsþætti sem um ræðir.

Umsækjendur sem ekki standast heilbrigðiskröfur fá sendan rökstuðning og geta óskað eftir öðru mati frá lækni sem MSL semur sérstaklega við.

3.1 Kröfur um heilbrigði

Umsækjandi skal vera andlega og líkamlega heilbrigður og standast læknisskoðun í samræmi við viðmið mennta- og starfsþróunarseturs löggreglu til að geta talist að fullu fær til að gegna starfi löggreglumanns. Sjá nánari útlistun í leiðbeiningum fyrir mat á heilbrigði umsækjenda vegna umsóknar um nám í löggreglufraðum fyrir verðandi löggreglumenn á heimasíðu MSL, www.menntaseturlogreglu.is. Vinnuvernd ehf. sér um framkvæmd læknisskoðunar á þeim umsækjendum sem teljast hæfastir og koma til greina í hverju umsóknarferli.

Umsækjendur sem haldnir eru einhverjum þeirra sjúkdóma sem geta hindrað umsækjanda í starfsnámi eða haft áhrif á öryggi þeirrar sjálfra og annarra geta þurft að undirgangast einstaklingsbundið mat hjá sérfræðingi í þeirri sérgrein sem sjúkdómurinn fellur undir.

4.0 Aðrar og nánari reglur um mat á umsækjenda

4.1 Aldur

Umsækjandi skal vera orðinn fullra 20 ára þegar starfsnám hefst. Aldur miðast við fæðingardag.

4.2 Tjáskipti

Hafi umsækjandi ekki gott vald á talmáli og getur ekki tjáð sig með skýrum og óyggjandi hætti getur það útilokað hann frá starfsnámi.

4.3 Fjárhagsstaða

Umsækjandi sem er með fjármál sín í óreiðu, t.d. er gjaldþrota eða er í óeðlilega miklum ábyrgðum eða skuldum getur búist við að hljóta ekki inngöngu í starfsnám.

4.4 Ökuréttindi

Í reglugerð nr. 221 frá árinu 2017 um mennta- og starfsþróunarsetur löggreglu segir í f lið að nemar í starfsnámi skuli hafa gild ökuréttindi. Nauðsynlegt er að umsækjendur séu komnir með fullnaðarökuskírteini fyrir B-flokk þegar starfsnám hefst. Í reglugerð um ökusíðu nr. 830/2011 segir m.a. að ökumaður ökutækis sem skráð er til neyðaraksturs skuli hafa fullnaðarsíðu fyrir B-flokk og gild ökuréttindi til að stjórna ökutækinu eftir því sem við á.

5.0 Ferill umsókna

5.1 Umsóknir

Sótt er um rafrænt á heimasíðu um nám í löggreglufræðum fyrir verðandi löggreglumenn við Háskólann á Akureyri. Almenn krafa er að umsækjandi hafi lokið stúdentsprófi eða sambærilegu prófi. Með rafrænni innskráningu í gegnum island.is eru persónuupplýsingar staðfestar og umsækjandi staðfestir að hann hafi kynnt sér skilyrði til námsins, fræðslu varðandi umsóknarferlið og persónuverndaratriði. Þá þarf umsækjandi að samþykkja að leitað verði upplýsinga hjá Credit info um fjárhagsstöðu viðkomandi, að viðkomandi sé tilbúinn undirgangast læknisskoðun og að trúnaðarlæknum MSL sé heimilt að leita upplýsinga um heilsufar viðkomandi, þ.m.t. úr Heilsugátt. Þá þarf viðkomandi einnig að samþykkja að sótt verði gögn úr sakaskrá ríkisins og úr ökuréttindaskrá.

5.2 Úrvinnsla umsókna

Umsóknir eru skoðaðar og metnar af mennta- og starfsþróunarsetri löggreglu. Setrið í samráði við Háskólann á Akureyri tekur afstöðu til þess hverjir teljist uppfylla almenn skilyrði sem sett eru, s.s. aldur, menntun, kröfur um andlegt og líkamlegt heilbrigði o.fl. Standist umsækjandi ekki bakgrunnsathugun tilkynnir mennta- og starfsþróunarsetur honum um það ásamt upplýsingum um hvers vegna umsókn hans var hafnað.

Ákvörðun setursins um inntöku nema í starfsnám er endanleg sbr. 1. mgr. 38. gr. löggreglulaga 90/1996 með síðari breytingum.

6.0 Fyrri hluti inntökuprófa

Þeir umsækjendur sem staðist hafa skilyrði a og d-liðar 1. mgr. 38. gr. löggreglulaga, eru boðaðir í fyrri hluta inntökuprófa.

Prófað er í þreki en einnig er lagt fyrir umsækjendur sálfræðimat og skriflegt frásagnarverkefni.

Athuga skal að bakgrunnsskoðun og læknisskoðun, samkvæmt b og c-lið þessara laga, fer fram á síðari stigum inntokuferilsins. Þetta þýðir að þó svo að umsækjandi sé boðaður í fyrri hluta inntökuprófa þá hefur bakgrunnskoðun og heilsfarsmat ekki farið fram. Niðurstaða þeirra skoðana getur útilokað að viðkomandi komist lengra í umsóknarferlinu.

Brýnt er fyrir umsækjendum að kynna sér vel þau hæfisskilyrði sem gerð eru til umsækjenda áður en sótt er um í námið, sjá nánar <https://island.is/reglugerdir/nr/0221-2017>.

6.1 Prekpróf

Prekprófið skiptist í þrjá þætti: *hlaup, stöðvaæfingar og sund*. Um er að ræða æfingaröð þar sem reynir á snerpu, styrk, þol og sundkunnáttu umsækjanda.

Nánari upplýsingar um framkvæmd prekprófa er að finna á heimasíðu MSL www.menntaseturlogreglu.is undir Löggreglufræði – Prekpróf.

6.2 Sálfræðimat við inntöku á starfsnemum

Umsækjendur um starfsnám sem standast almenn skilyrði gangast undir sálfræðimat þar sem lagt er mat á persónuleika, minni, sálrænt ástand og samskipti. Athuganir þessar hafa verið notaðar víðs vegar um heim í inntokuferli á starfsnemum. Þau eru talin bæði áreiðanleg og réttmælt í þeim tilgangi.

6.3 Skriflegt frásagnarverkefni

Einn matsþáttur í inntöku nýnema í starfsnám er skriflegt frásagnarverkefni. Umsækjendur horfa á myndskeið sem þeir síðan rita 200-300 orða atvikalýsingum um. Við mat á frammistöðu er horft til málfars, stafsetningar og hvernig umsækjanda tekstu til með að koma frá sér rituðum texta.

Nánari upplýsingar um framkvæmd frásagnarvekefnisins er að finna á heimasíðu MSL www.menntaseturlogreglu.is undir Löggreglufræði – Skriflegt frásagnarverkefni.

6.4 Um framkvæmd fyrri hluta inntökuprófa

Reikna má með að fyrri hluti inntökuprófa taki einn dag. Prófdagur hefst á 2000 metra hlaupi sem framkvæmt er í Elliðaárdal í Reykjavík. Þá taka við stöðvaæfingar í íþróttasal MSL að Krókhálsi 5b og sundprófi í sundlaug á höfuðborgarsvæðinu. Ef umsækjandi stenst þær þrekkrfur sem gerðar eru tekur hann sálfraðipróf og skriflegt frásagnarverkefni.

6.5 Próftökutímabil

Umsækjendur velja sér próftökudag á próftökutímabili sem verður í fyrrihluta apríl 2024. Takmarkað framboð er í boði hvern prófdag. Sendur er út bókunartengill þar sem umsækjendur velja sér prófdag. Ef umsækjandi óskar eftir breytingu á áður völdum prófdegi er reynt að verða við því sé það mögulegt. Hver umsækjandi fær aðeins eitt tækifæri til að reyna við prófin. Hefji umsækjandi próf hefur hann nýtt próftökurétt sinn. Ekki er boðið upp á próf utan auglýsts próftökutímabils.

6.6 Sjúkrapróf

Til þess að fá að þreyta sjúkrapróf skal tilkynna mennta- og starfsþróunarsetri löggreglu um veikindi eða meiðsli, áður en skipulagt próf viðkomandi umsækjanda hefst. Tilkynning þess efnis skal berast á netfangið starfsnam@logreglan.is. Læknisvottorð, er staðfesta veikindi eða meiðsli, skal hafa borist mennta- og starfsþróunarsetri löggreglu á sama netfang eigi síðar en sjö dögum eftir áætlaðan prófdag.

7.0 Seinni hluti inntökuprófa

Þeir umsækjendur sem standast fyrri hluta inntökuprófa og bakgrunnsskoðun eru boðaðir í viðtal.

7.1 Viðtal

Viðtölun eru tekin af lögreglumönnum og sérfræðingum innan lögreglunnar sem hafa fengið þjálfun og fylgja hálfstöðluðu viðtali. Svör umsækjenda eru skráð á meðan viðtali stendur. Gefin er einkunn á skalanum 1-10 og þarf umsækjandi að lágmarki að ná 5 í einkunn í viðtalinu til að koma til greina í námið.

7.2 Gildistími inntökuprófa

Inntökupróf gilda ekki milli ára. Umsækjandi sem ekki fær inngöngu í löggreglufræðinám fyrir verðandi lögreglumenn skal þreyta inntökupróf að nýju ákveði hann að sækja aftur um.

8.0 Inntaka á nemendum í löggreglufræðinám fyrir verðandi lögreglumenn

- Raða skal upp í hæfisröð þeim umsækjendum er uppfylla framangreind hæfisskilyrði og standast inntökupróf, eftir fyrirfram skilgreindum matsþáttum.
- Gera skal ríkislögreglustjóra grein fyrir röðuninni og þeim forsendum sem hún byggir á.

- Ákvörðun MSL um inntöku á umsækjendum er endanleg sbr. 2. ml. 1. mgr. 38. gr. löggreglulaga nr. 90/1996.
- Hæfustu umsækjendunum er boðið að hefja löggreglufræðinám fyrir verðandi löggreglumenn með tilkynningu í tölvupósti eða öðrum sannanlegum hætti.
- Þeir umsækjendur sem ekki fá inngöngu í starfsnám er einnig tilkynnt um það ásamt rökstuðningi, með þeim fyrirvara að ef einhver þekkist ekki boðið fái næsti umsækjandi á listanum inngöngu í starfsnám.

9.0 Atriði er liggja til grundvallar mati á umsækjendum

Ákvörðun um hvaða umsækjendum er veitt innganga í starfsnám byggist á heildarmati á ýmsum þáttum, hliðsjón er m.a. höfð af eftirfarandi gögnum:

Prekprófi, sálfræðimati, skriflegu frásagnarverkefni, framkomu, hæfni í mannlegum samskiptum, sakavottorði og sakaferli, auk frammistöðu í viðtali og mati læknis.

9.1 Vægi matsþátta

Að loknu inntökuferli er umsækjendum raðað upp eftir heildareinkunn. Sú einkunn tekur mið af þeim hæfniþáttum sem lagðir eru til grundvallar en hver þáttur hefur ákveðið vægi í heildarmati. Frammistaða í viðtali vegur mest í því mati.

10.0 Að loknu inntökuferli

10.1 Að inntöku lokinni

Almenna reglan, skv. 15. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993, er sú að umsækjandi á rétt á að kynna sér skjöl og önnur gögn er mál hans varða.

10.2 Almennt vinnulag

Vinnulag mennta- og starfsþróunarseturs löggreglu er þannig að fyrirspurnir um niðurstöður prófa og inntökuferlið skal beint á netfangið starfsnam@logreglan.is en heimilt er að gefa umsækjendum svör um atriði er varða þeirra frammistöðu.

Mennta- og starfsþróunarsetur löggreglu svarar ekki öðrum en umsækjendum sjálfum eða fulltrúum þeirra sem hafa skriflegt umboð.

10.3 Athugasemdir

Ákvarðanir setursins um inntöku á nemum í starfsnám eru endanlegar skv. 1. mgr. 38. gr. löggreglulaga nr. 90/1996. Þær eru m.ö.o. ekki kærانlegar.

Athugasendum vegna inntökuferlis skal beina til mennta- og starfsþróunarseturs löggreglu í gegnum netfangið starfsnam@logreglan.is. Almenna reglan er sú að ákvörðun er ekki endurskoðuð nema ný gögn, sem geti breytt málum, hafi komið fram eða líkur eru á að gögn hafi verið rangt metin. Ef formlegar athugasemdir varða framkvæmd prófa, aðstöðu eða annað þess háttar, ber mennta- og starfsþróunarsetur löggreglu að fjalla um þær og tilkynna viðkomandi hver niðurstaðan hafi orðið.

10.4 Rökstuðningur

Umsækjandi sem fær ekki boð um starfsnám á rétt á rökstuðningi á þeirri ákvörðun setursins, sbr. 21. og 22. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.